


# BÚSETA OG ÞJÓNUSTA

Athugun á áhrifum þjónustustigs á brottflutning  
frá völdum byggðarlögum 1996–2006

Karl Benediktsson og Hjalti Nielsen



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Raunvísindadeild  
Land- og ferðamálafræðiskor

Reykjavík  
Janúar 2008

# BYGGÐ OG ÞJÓNUSTA

Athugun á áhrifum þjónustustigs á brottflutning  
frá völdum byggðarlögum 1996–2006

Karl Benediktsson og Hjalti Nielsen



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Raunvísindadeild  
Land- og ferðamálafræðiskor

Reykjavík  
Janúar 2008

## ***Efnisyfirlit***

Samantekt .....	iii
Þakkarorð .....	iv
<b>1 Inngangur .....</b>	<b>1</b>
<b>2 Gagnaöflun og greiningaraðferðir .....</b>	<b>6</b>
<b>3 Samband þjónustustigs, legu og íbúapróunar .....</b>	<b>12</b>
<b>4 Þjónusta í hinum völdu sveitarfélögum .....</b>	<b>23</b>
<b>5 Niðurstöður .....</b>	<b>34</b>
Heimildaskrá .....	36

## ***Töfluskrá***

<i>Tafla 1: Sveitarfélög og byggðarlög sem valin voru til skoðunar .....</i>	<i>4</i>
<i>Tafla 2: Tegundir þjónustu, vægi þeirra og skipting í greiningarflokka .....</i>	<i>9</i>
<i>Tafla 3: Númer byggðarlaganna.....</i>	<i>10</i>
<i>Tafla 4: Fylgnistuðlar, skýringarblutfall og marktekt aðhvarfsgreininga .....</i>	<i>12</i>
<i>Tafla 5: Niðurstöður útreikninga á blutfylgni .....</i>	<i>34</i>

## ***Myndaskrá***

<i>Mynd 1: Þjónusta, lega og búseta: Líkan af sambandi helstu breyta .....</i>	<i>2</i>
<i>Mynd 2: Sveitarfélögin sem verkefnið tekur til .....</i>	<i>3</i>
<i>Mynd 3: Tímaþáttur verkefnisins .....</i>	<i>7</i>
<i>Mynd 4: Samband íbúafjölda og þjónustustigs .....</i>	<i>10</i>
<i>Mynd 5: Samband þjónustustigs og íbúapróunar .....</i>	<i>13</i>
<i>Mynd 6: Samband þjónustustigs og íbúapróunar 2001–2006. Þórshöfn undanskilin .....</i>	<i>14</i>
<i>Mynd 7: Samband verslunar og íbúapróunar .....</i>	<i>15</i>
<i>Mynd 8: Samband menntunar og íbúapróunar .....</i>	<i>16</i>
<i>Mynd 9: Samband heilbrigðisþjónustu og íbúapróunar .....</i>	<i>17</i>
<i>Mynd 10: Samband „ræktunar líkama og sálar“ og íbúapróunar .....</i>	<i>18</i>
<i>Mynd 11: Samband annarrar þjónustu og íbúapróunar .....</i>	<i>19</i>
<i>Mynd 12: Samband aksturstíma til næsta stærri kjarna („landsblutakjarna“) og íbúapróunar .....</i>	<i>21</i>
<i>Mynd 13: Samband aksturstíma til Reykjavíkur og íbúapróunar .....</i>	<i>22</i>

## Samantekt

- ♦ Verkefni þetta var unnið fyrir Byggðastofnun og tengist framkvæmd þingsályktunar frá 2006 um stefnumótandi byggðaáætlun, þar sem kveðið var á um hugað yrði sérstaklega að byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun. Markmið þessa verkefnisins er að kanna hvort framboð á þjónustu hafi áhrif á ákvarðanir fólks um búsetu. Settar voru fram tilgátur um að brottflutningur sé því meiri sem þjónustustig á staðnum sé lægra og lengra sé að fara til næsta stærri þjónustukjarna.
- ♦ Kannað var samband þjónustustigs og brottflutnings frá sveitarfélögum þar sem fækkaði um a.m.k. 10% á árunum 1996–2006 og a.m.k. 6,5% á árunum 2001–2006. Í skýrslunni er fjallað sérstaklega um hvert sveitarfélag sem skoðað var og taldar upp helstu tegundir þjónustu sem þar er að finna.
- ♦ Vikið var frá sveitarfélagamörkum í nokkrum tilfellum, þar sem aðskildir þéttbýliskjarnar eru innan sama sveitarfélags. Hver þéttbýliskjarni var þá skoðaður sérstaklega.
- ♦ Upplýsingum var safnað um hvort tilteknar tegundir verslunar og þjónustu væru til staðar í byggðarlaginu. Leitað var til fulltrúa atvinnuþróunarfélaga, sveitarstjórnarfólks og annarra staðkunnugra, auk þess að byggja á öðrum tiltækum gögnum. Ekki var gerð tilraun til að meta *gæði* þjónustunnar.
- ♦ Út frá þessum gagnagrunni var reiknað heildarþjónustustig fyrir hvert byggðarlag. Nokkrar tegundir verslunar og þjónustu fengu sérstakt vægi í útreikningunum, byggt á huglægu mati þeirra er unnu að verkefninu. Hvert byggðarlag gat hlotið 100 stig hið mesta.
- ♦ Fyrir sveitahreppa án eigin þjónustukjarna, en sem liggja mjög nálægt þéttbýlisstað í öðru sveitarfélagi, var þjónustustig hreppsins miðað við þjónustustig hins nálæga þéttbýlis.
- ♦ Þjónustustig byggðakjarna er mjög háð íbúafjölda. Á flestum stöðum með 1000 íbúa eða fleiri er sámilega fjölbreytt framboð á þjónustu, um og yfir 80 stig samkvæmt forsendum verkefnisins.
- ♦ Gerðir voru fylgni- og aðhvarfsútreikningar fyrir samband þjónustustigs og íbúaþróunar, annars vegar fyrir tímabilið allt og hins vegar fyrir síðari hluta þess. Marktek fylgni kom fram í öllum tilfellum. Útreikningarnir staðfesta þá tilgátu að lágt þjónustustig stuðli að meiri brottflutningi en ella, og á hinn bóginn að mikið framboð á þjónustu dragi úr brottflutningi.
- ♦ Nokkur neikvæð fylgni reyndist á milli aksturstíma til næsta stærri þjónustukjarna og íbúaþróunar byggðarlagsins. Sambandið er ekki ýkja sterkt, en þó marktækt tölfræðilega. Því lengra sem íbúar þurfa að sækja til stærri kjarna með fjölbreyttri þjónustu, því meiri brottflutningur hefur átt sér stað.
- ♦ Fjarlægð til Reykjavíkur skiptir ekki máli fyrir íbúaþróun þeirra byggðarlaga sem skoðuð voru, en þau eru öll utan daglegs áhrifasvæðis borgarinnar.
- ♦ Vakin er athygli á að þjónustustig var einungis kannað eftir á, en ekki voru handbær gögn um stöðu þjónustu áður en það tímabil sem greiningin tekur til hófst. Þar með er gert ráð fyrir að þjónusta hafi lítið breyst á tímabilinu, sem er talsverð einföldun. Bent er enn fremur á að þjónustustigið er einungis ein af fjölmörgum breytum sem áhrif hafa á ákvarðanir fólks um búsetu.
- ♦ Í lok skýrslunnar er bent á ýmsar leiðir til áframhaldandi rannsókna á samhengi þjónustu og byggðaþróunar. Brýnt er að bæta skipulag á söfnun og framsetningu gagna um byggðamál ef skapa á byggðarannsóknnum hérlandis traustari grunn. Ekki er unnt að byggja einvörðungu á gögnum á sveitarfélagagrunni.

## ***Þakkarorð***

Fyrst af öllu ber að þakka nemendum í námskeiðinu *Byggðapróun og atvinnulíf* á vormisseri 2007. Þeir söfnuðu grunngögnum fyrir þetta verkefni og sýndu því mikinn og einlægán áhuga. Án samræðna kennara og nemenda hefði verkefnið aldrei orðið að veruleika.

Eftirtaldir nemendur lögðu hönd á plóginn:

Anna Sigríður Halldórsdóttir  
Arnheiður Sif Ásgeirsdóttir  
Arnildur Eva Steinhórsdóttir  
Atli Már Þorgrímsson  
Bryndís Sævarsdóttir  
Böðvar Sveinsson  
Eiður Kristinn Eiðsson  
Erla Gunnarsdóttir  
Erla Guðrún Hafsteinsdóttir  
Friðþór Sófus Sigurmundsson  
Inga Júlía Ólafsdóttir  
Ingibjörg Eva Þórisdóttir  
Ingunn Ósk Árnadóttir  
Írena Björk Ásgeirsdóttir  
Málfríður Ómarsdóttir  
Ragnildur Sveinbjarnardóttir  
Rannveig Guðmundsdóttir  
Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir

Nemendurnir höfðu samband við fjölmarga einstaklinga til að afla upplýsinga, meðal annars starfsfólk atvinnuþróunarfélaga, sveitarstjórnarfólk og aðra staðkunnuga. Engin nöfn eru hér nefnd, en öllum viðmælendum eru færðar bestu þakkir.

Gunnar Stefánsson veitti góð ráð um uppbyggingu gagnagrunnsins og tölfræðilega greiningu hans. Anna Dóra Sæþórsdóttir las handritið yfir og benti á ýmislegt sem betur gat farið.

Að lokum skal Byggðastofnun þakkað fyrir ánægjulegt samstarf, sérstaklega þeim Sigríði Kr. Þorgrímisdóttur og Halldóri Kristjánssyni, fyrir áhuga þeirra og fjölmargar ábendingar. Ábyrgðin á innihaldi skýrslunnar er eingöngu höfundanna sjálfra.

# 1 Inngangur

Þessi skýrsla er unnin fyrir Byggðastofnun. Hún tengist framkvæmd þingsályktunar sem samþykkt var þann 3. júní 2006 um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009. Í fyrsta markmiði þingsályktunarinnar er kveðið á um hugað verði „sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun.“

Sú hugmynd kom upp að tengja úttekt á stöðu umræddra byggðarlaga við kennslu í námskeiðinu „Byggðapróun og atvinnulíf“, sem kennt er við land- og ferðamálafræðiskor Háskóla Íslands. Ákveðið var að kennari námskeiðsins, Karl Benediktsson, tæki að sér ásamt 18 nemendum sínum að skoða sérstaklega einn af þeim þáttum sem máli skipta í þróun búsetu, það er framboð á verslun og þjónustu. *Markmið verkefnisins er að kanna hvort framboð á þjónustu hafi áhrif á ákvarðanir fólks um búsetu.*

Búsetubreytingar eru flókið ferli, sem á sér fjölbættar orsakir. Umræða um stöðu byggða á Íslandi hefur að miklu leyti snúist um atvinnumál og samgöngur. Fremur lítið hefur verið hugað að ýmsum atriðum sem snerta mat fólks á lífsgæðum. Þjónustustig er tvímælalaust eitt þessara atriða. Framboð á þjónustu hefur áhrif á ákvarðanir einstaklinga og fjölskyldna um búsetu og getur jafnvel ráðið úrslitum.


Öllum er ljóst að þjónustustig staða er afar mismunandi eftir stærð þeirra. Þetta hefur lengi verið rannsóknarefni í hagrænni landfræði og skyldum fræðigreinum. Klassískt líkan í hagrænni landfræði, *kjarnalíkan* (e. *central place model*, sbr. Lloyd og Dicken, 1977), skýrir mismunandi umfang markaðstengdrar þjónustu í byggðakjörnum, sem og mismunandi stærð þeirra landsvæða sem staðirnir þjóna, á einfaldan hátt með grundvallarforsendum markaðshagkerfisins – sambandi framboðs og eftirspurnar. Lykillugtök-in eru *þröskuldsgildi* og *eftirspurnarsvið*. Þröskuldsgildi gildi segir til um hversu marga kaupendur þurfi til að geta selt vöru eða rekið þjónustu. Eftirspurnarsviðið lýsir því hversu langt væntanlegir viðskiptavinir eru tilbúnir að ferðast til að nálgast viðkomandi vöru eða þjónustu. Hinar ýmsu tegundir vöru og þjónustu þurfa mismarga íbúa innan eftirspurnarsviðsins til að reksturinn beri sig. Daglegar nauðsynjar eins og mjólk og brauð – dagvörur, eins og þær eru gjarnan nefndar – hafa lágt þröskuldsgildi og fást víða. Eftir því sem vörurnar eru sérhæfðari og eru sjaldnar keyptar eða notaðar – valvörur – hækkar þröskuldsgildið og þar með stækkar þjónustusvæði þess staðar þar sem umrædd vara eða þjónusta er fáanleg. Má nefna húsgagnaverslun eða tannlækningar. Opinber þjónusta, svo sem skólar og heilsugæsla, lýtur nokkuð öðrum lögmálum. Heilbrigðisþjónusta er gott dæmi um opinbera þjónustu sem er víðast hvar í boði, ekki svo mjög á forsendum markaðar heldur vegna þess að nauðsynlegt þykir að almenningur hafi aðgang að henni.

En orsakasambandið á milli hinna ýmsu breyta – íbúafjölda, þjónustustigs, fjarlægðar og ýmissa annarra breyta er ekki einfalt (mynd 1). Í fyrsta lagi hefur stærð (íbúafjöldi) áhrif á þjónustustig byggðarlagsins. Þetta eru engin stór sannindi: Því stærra/fjölmennara sem byggðarlagið er, því fleiri tegundir þjónustu fá þrífist þar. Þetta gildir mjög skýrt um einkarekna þjónustu sem er háð stærð markaðar (t.d. verslun og ýmsa persónulega þjónustu) en einnig að verulegu leyti um þjónustu hins opinbera, þótt ákvarðanir um framboð á henni séu teknar á öðrum forsendum. Þjónustustigið er eitt af því sem einstaklingar og fjölskyldur leggja mat á þegar ákvörðun er tekin um búsetu – að vera um kyrrt á viðkomandi stað ellegar flytja.

Í öðru lagi hafa landfræðileg atriði óbein áhrif: Lega viðkomandi byggðarlags, ýmist nær eða fjær stærra kjarna/kjörnum með fjölbreytt og alhliða þjónustuframboð, hefur áhrif á það hvaða þjónustustig íbúar álíta viðunandi á staðnum sjálfum. Sé stutt að sækja í

næsta stærri þjónustukjarna verður auðveldara að setta sig við litla þjónustu í eigin byggðarlagi. Þarna eru samgöngur lykilatriði.

Síðast en ekki síst eru margvíslegir aðrir hlutir sem hafa áhrif á ákvarðanir fólks um búsetu, að öllum líkindum jafnvel mun meiri áhrif í sumum tilfellum. Staða atvinnulífs er augljós og afar mikilvægur þáttur, bæði framboð á atvinnu og einnig horfir fólk í vaxandi mæli til þeirra tegunda starfa sem bjóðast og hvort atvinnulífið sé fábreytt eða fjölbreytt. Launastig, ástand húsnæðismarkaðar og fleiri efnahagsleg atriði koma til greina einnig. Umhverfisgæði eru sömuleiðis vegin og metin. Mörg þessara atriða ráðast raunar að einhverju leyti af landfræðilegri legu.



Mynd 1: Þjónusta, lega og búseta: Líkan af sambandi helstu breyta

Hér á landi hefur fremur lítið verið hugað fræðilega að landfræðilegri dreifingu þjónustu í samhengi við byggðamál. Þó ber að nefna skýrslu Byggsstofnunar frá 1993, þar sem fjallað er almennt um þjónustusvæði með tilliti til opinberrar þjónustu og skipulags hennar. Einnig er rætt þar um stækkun atvinnu- og þjónustusvæða með breyttum samgöngum.

Sambandið á milli þjónustustigs og búferlaflutninga hefur einnig lítið verið rannsakað. Helsta undantekningin er tíu ára gömul skýrsla Stefáns Ólafssonar (1997), sem byggir á viðamikilli könnun Félagsvísindastofnunar HÍ á mati fólks á búsetuskilyrðum. Ástæða er til að reifa niðurstöður þessarar skýrslu. Fram kemur í henni að atriði eins og framboð á atvinnu, fjölbreytileg verslun og þjónusta, framboð á menningu og afþreyingu, gott húsnæði og samgöngur, hafa mikið að segja varðandi val á búsetustað. Þau svæði sem fá lökustu einkunn varðandi búsetuskilyrði og hafa tapað flestu fólki eru þau svæði á landsbyggðinni sem öðru fremur byggja á frumvinnslugreinum – landbúnaði og sjávarútvegi, einkum fiskvinnslu. Atriði sem tengjast „nú tímalegum lífsháttum“ voru þeir þættir sem mest voru áberandi í úttektinni. Af þeim sem fluttu milli byggðarlaga á árunum 1992–1996 voru flestir svarendur í könnuninni ánægðir með vöruúrval á nýja staðnum. Einnig var almenn ánægja með menningarlíf, atvinnutækifæri, húshitunarkostnað, þjónustuúrval, skemmtanalíf, flugsamgöngur, atvinnuöryggi, aðstöðu til afþreyingar og


íþróttaiðkunar, verðlag, framhaldsskólamál, framboð á hentugu húsnæði og tekjuöflunar-  
möguleika á þeim stað sem flutt hafði verið til. Íbúar stærri þéttbýlisstaðanna reyndust  
ánægðastir með búsetuskilyrðin. Sérstöðu skipuðu íbúar þéttbýlisstaða með 200–1000  
íbúa, en þeir voru tiltölulega óánægðir með búsetuskilyrðin. Þarna var helst um að ræða  
húshitunarkostnað, verðlag á vöru og þjónustu, framhaldsskólamál, afþreyingaraðstöðu  
og atvinnutækifæri. Íbúar enn minni þéttbýlisstaða, með færri en 200 íbúa, reyndust vera  
ánægðari með búsetuskilyrði sín (Stefán Ólafsson, 1997).

Af þessu má ljóst vera að líklegt er að þjónusta skipti verulegu máli við mat fólks á  
búsetuskilyrðum. Í þessu verkefni er leitast við að skoða nánar hvernig þessu sambandi er  
háttað og hvort greina má samhengi milli þjónustustigs og íbúaþróunar þeirra byggðar-  
laga sem „glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun“, svo notað sé orðalag ofangreindrar  
þingsályktunar. Skilgreind markmið verkefnisins eru:

- Að fá yfirlit um þjónustustig í völdum sveitarfélögum eins og það er nú.
- Að kanna hvort tölfræðilega marktækt samband sé milli þjónustustigs og íbúa-  
þróunar á undanförunum 5–10 árum. Vinnutilgátan er sú að lágt þjónustustig leiði  
til meiri fækkunar íbúa, eða á hinn veginn, að hátt þjónustustig dragi úr brott-  
flutningi og fækkun.

Náin samvinna var við starfsfólk Bygðastofnunar um mótun verkefnisins. Stofnunin  
lagði fram lista yfir sveitarfélög til skoðunar (sjá mynd 2 og töflu 1), sem byggður var í  
stórum dráttum á tveimur tölulegum mælikvörðum:

- Fækkun íbúa um 10% eða meira á tíu ára tímabili, 1996–2006, *og/ eða*:
- Fækkun um 6,5% eða meira á fimm ára tímabili, 2001–2006.



Mynd 2: Sveitarfélögin sem verkefnið  
tekur til

Augljóslega er hér um sundurleitan hóp sveitarfélaga að ræða, sem á það eitt sameiginlegt  
að vera utan áhrifasviðs höfuðborgarsvæðisins, sem nú má segja að nái yfir allt  
Suðurlandsundirlendið austur í Mýrdal og norður um Borgarfjörð og Mýrar á Vesturlandi  
(Axel Hall o.fl. 2002). Nokkrir afar fámennir sveitahreppar eru á listanum (t.d. Árnes-  
hreppur, Tjörneshreppur og Svalbarðshreppur), þar sem miklu getur munað í prósentum  
um hverja einustu fjölskyldu sem flyst búferlum. Stærri sveitarfélög þar sem undirstöðu-  
atvinnugreinin er landbúnaður er líka að finna (t.d. Reykhólahreppur, Húnavatnshreppur,  
Aðaldalahreppur og Skaftárhreppur). Sjávarútvegsbyggðir, með eða án upplands í dreif-  
býli, eru allmargar. Loks eru tveir fjölmennari staðir á listanum, Húsavík og Vestmanna-  
eyjar, sá fyrrnefndi nú raunar hluti af afar víðfeðmu og fjölbreyttu sveitarfélagi –  
Norðurþingi. Þessi sundurleitni staðanna gerir túlkun niðurstaðna dálítið erfiða og ber að  
hafa hana í huga við lestur skýrslunnar.



Tafla 1: Sveitarfélög og byggðarlög sem valin voru til skoðunar

Sveitarfélag	Í könnun	Íbúar 31. des. 2006	Fjölgun/fækkun (%)	
			1996–2006	2001–2006
Dalabyggð*	✓	682	-17,6	-8,8
<i>Búðardalur</i>		238	-7,8	-3,6
Reykholahreppur	✓	251	-24,9	-17,4
<i>Reykbólar</i>		119	-13,4	-2,5
Tálknafjarðarhreppur	✓	292	-12,6	-21,5
<i>Tálknafjörður</i>		274	-10,2	-22,4
Vesturbyggð*		937	-27,4	-17,4
<i>Patreksfjörður</i>	✓	638	-23,0	-13,0
<i>Bíldudalur</i>	✓	183	-33,9	-26,6
Árneshreppur	✓	50	-40,5	-15,3
Kaldrananeshreppur	✓	101	-25,2	-23,5
Strandabyggð*	✓	507	-23,4	-6,5
<i>Hólmavík</i>		385	-16,7	1,3
Blönduóssbær*	✓	892	-15,6	-7,4
<i>Blönduós</i>		824	-17,4	-8,1
Húnavatnshreppur*	✓	463	-15,1	-15,2
Höfðahreppur	✓	534	-18,7	-14,0
<i>Skagaströnd</i>		532	-18,9	-13,9
Fjallabyggð*		2.261	-20,3	-11,1
<i>Siglufjörður</i>	✓	1.357	-18,6	-10,0
<i>Ólafsfjörður</i>	✓	923	-21,0	-10,7
Þingeyjarsveit	✓	699	-27,7	-13,0
<i>Laugar</i>		111	5,7	26,1
Aðaldælahreppur	✓	257	-18,4	-8,9
Norðurþing*		3.011	-14,0	-7,4
<i>Húsavík</i>	✓	2.285	-10,1	-5,0
<i>Kópasker</i>	✓	122	-31,8	-10,3
<i>Raufarhöfn</i>	✓	235	-39,1	-21,9
Tjörneshreppur	✓	60	-27,7	-13,0
Svalbarðshreppur	✓	106	-10,2	-11,7
Langesbyggð*		518	-15,6	-6,5
<i>Þórshöfn</i>	✓	391	-9,3	4,0
<i>Bakkafjörður</i>	✓	80	-28,6	-31,6
Breiðdalshreppur	✓	244	-20,3	-10,0
<i>Breiðdalsvík</i>		169	-20,3	-10,6
Djúpavogshreppur*	✓	463	-17,0	-11,1
<i>Djúpivogur</i>		367	-15,1	-6,9
Skafthreppur	✓	485	-19,3	-10,7
<i>Kirkjubæjarklaustur</i>		135	-14,0	-11,8
Vestmannaeyjar	✓	4.075	-14,2	-8,6

\* Sameining sveitarfélaga á tímabilinu 1996–2006.

Þegar kortið er skoðað og sett í samhengi við markmið verkefnisins kviknar sú spurning hvort rétt sé að einblína á eininguna *sveitarfélag* þegar samband þjónustustigs og brottflutnings er skoðað. Eftir ítarlega skoðun varð niðurstaða verkefnishópsins að svo væri ekki. Þegar einstaklingur eða fjölskylda vegur og metur búsetukosti er líklegt að horft sé til nærumhverfisins – þess *byggðarlags* (þéttbýlisstaðar eða sveitabyggðar) sem málið snýst um. „Sveitarfélag“ og „byggðarlag“ er ekki endilega það sama, sérstaklega ekki ef lítið er til þess að mörg íslensk sveitarfélög eru orðin mjög stórar landfræðilegar einingar að undangenginni sameiningu. Innan marka sumra sveitarfélaga eru jafnvel margir þjónustukjarnar. Meta verður þjónustustig hvers og eins kjarna til að fá mynd af því hvernig búsetuskilyrðin birtast íbúunum.

Út frá þessu sjónarmiði var vikið frá sveitarfélagamörkum í eftirfarandi tilfellum (sbr. töflu 1):

- Vesturbyggð: Upplýsingum fyrir Patreksfjörð og Bíldudal var haldið aðskildum. Dreifbýli sveitarfélagsins var ekki tekið með í greiningunni (118 íbúar í árslok 2006).
- Fjallabyggð: Skilið á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Þetta hafa verið nánast algerlega ótengdir kjarnar hvað varðar þjónustu, þótt það sé í þann veginn að breytast með tilkomu Héðinsfjarðarganga.
- Norðurþing: Safnað upplýsingum um Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn sérstaklega. Dreifbýli var ekki tekið með (369 íbúar í árslok 2006).
- Langanesbyggð: Þéttbýliskjarnarnir Þórshöfn og Bakka fjörður voru skoðaðir hvor í sínu lagi. Dreifbýli sveitarfélagsins var ekki tekið með (49 íbúar í árslok 2006).

Í skýrslunni verður orðið *byggðarlag* notað héðan í frá, en lesandinn beðinn að hafa í huga að þá er bæði átt við sveitarfélög og einstaka þéttbýliskjarna, þ.e. allar landfræðilegar einingar sem merkt er við í töflu 1.

## 2 Gagnaöflun og greiningaraðferðir

Upplýsingum var safnað um hvort tiltekna þjónustu væri að finna í viðkomandi byggðarlagi eður ei. Listi yfir tegundir þjónustu var mótaður af nemendum og kennara í sameiningu. Ákveðið var að setja á listann heldur fleiri atriði en færri, með það fyrir augum að grísa mætti síðar. Þegar hugmyndaflug nemenda og kennara var þrotið var listinn sendur til starfsfólks Bygðastofnunar, sem bætti nokkrum atriðum við, einkum varðandi þjónustu iðnaðarmanna. Samtals rötuðu 68 atriði á hinn endanlega lista, sem varð afar fjölbreyttur eins og við mátti búast. Til hægðarauka var honum skipt í eftirfarandi fjóra flokka:

- *Verslun*. Þessi flokkur tók bæði til matvöru og almenns neysluvarnings.
- *Menntun og heilbrigði*. Auk opinberra mennta- og heilbrigðisstofnana var hér skráð tilvist dagforeldraþjónustu í sveitarfélaginu og einnig búseta læknis og annarra heilbrigðisstarfsmanna.
- *Ræktun líkama og sálar*. Í þennan flokk voru sett ýmis afþreyingar- og menningarfyrtæki og -stofnanir, allt frá kaffihúsum og myndbandaleigum til sundlaugar, íþróttá/æskulýðsfélags og félagsheimilis.
- *Önnur þjónusta*. Þarna lenti það sem ekki gat með góðu móti rúmast í öðrum flokkum, bæði þjónusta ýmissa opinberra aðila (t.d. löggæslu) og sjálfstæðra iðnaðarmanna, en einnig bankaþjónusta, pósthús og fjarskiptaþjónusta.


Áréttað skal að þessi fjórskipting var einungis notuð til að auðvelda yfirsýn yfir hina ýmsu þjónustubætti. Gögnunum fyrir hvert hinna 68 atriða var öllum haldið aðgreindum við innslátt og greiningu. Þegar til kastanna kom var flokkuninni breytt nokkuð. Skilið var á milli hinna tveggja meginþátta opinberrar velferðarþjónustu – menntunar og heilbrigðisþjónustu – og nokkur atriði færð á milli flokka, t.d. bókasafn, sem upphaflega var talið tilheyra „annarri þjónustu“ en var á endanum fært undir fyrrsögnina „menntun“.

Ákveðið var að skrá einungis *hvort viðkomandi þjónustu væri að finna á staðnum eður ei*. Ekki var gerð tilraun til að meta *gæði* hennar af hálfu nemendanna sem öfluðu gagnanna. Slíkt var álitíð of flókið fyrir þetta litla verkefni og skapa of mörg álitamál. Engu að síður komu mörg álitamál upp. Oft er mismunandi verslunarrekstur undir sama þaki og í sama fyrirtæki, t.d. matvörur og föt, eða myndbandaleiga og sjoppurekstur. Það var mat nemenda og viðmælenda þeirra hverju sinni hvernig greina bæri á milli.

Í vissum tilfellum var notað millistig við skráninguna. Þannig var t.d. greint á milli einfaldrar matvörubúðar með fábreytt úrval og enga ferskvöru og stærri matvöruverslunar með meira úrval og kjöt/fiskborð. Einnig var til að mynda greint á milli staða þar sem læknir eða hjúkrunarfræðingur hefði tímabundna viðveru einhverja daga vikunnar og hinna þar sem íbúar hefðu fullan aðgang að þjónustu þessara aðila.

Þar eð ætlunin var að kanna samband milli brottflutnings yfir allt að 10 ára tímabil og þjónustustigs, og gert ráð fyrir því að þjónustustigið væri frumbreytan, hefði verið eðlilegast og æskilegast að afla upplýsinga um þjónustuna sem í boði var í *upphafi* tímabilsins (mynd 3). Vissulega hefði mátt afla slíkra upplýsinga úr tiltækum skráum og öðrum gögnum frá árinu 1996, auk þess að tala við fólk sem bjó í viðkomandi byggðarlagi á þeim tíma. Slíkt hefði þó að öllum líkindum orðið afar seinlegt og erfitt hefði verið að tryggja nægilega gott samræmi. Það er hins vegar augljós galli á rannsókninni að þjónustustigið skuli hafa verið metið „eftir á“. Þjónustustig breytist eitthvað frá ári til árs. Í kjarnalíkaninu sem áður var nefnt er þjónusta skoðuð sem *afleiðing* – fylgibreyta en ekki frumbreyta. Ákvarðanir um staðsetningu eru teknar með hliðsjón af stærð markaðar, þ.e.

íbúafjölda og kaupgetu. Einkum er þjónusta sem veitt er af aðilum á hinum „frjálsa markaði“ – dag- og valvöruverslun og ýmis persónuleg þjónusta til dæmis – næm fyrir breytingum á stærð markaðarins. Byggðarlög sem hafa misst margt fólk á tímabilinu hafa því hugsanlega einnig misst einhverja verslun og einkarekna þjónustu. Opinber þjónusta er hins vegar stöðugri og gera má ráð fyrir því að ekki hafi orðið stórfelldar breytingar á henni á tímabilinu. Skólum er haldið úti og leitast við að veita heilbrigðisþjónustu þótt íbúum fækki nokkuð. Lesandinn er hins vegar beðinn að hafa í huga að þetta gerir að verkum að gæta þarf varúðar við að beita aðhvarfsgreiningum á allt tíu ára tímabilið, 1996–2006. Eftir því sem lengra er farið aftur í tímann verður greiningin síður marktæk, þar eð eingöngu er miðað við þjónustustig við lok tímabilsins.



Mynd 3: Tímabáttur verkefnisins

Auk þjónustu sem veitt er á staðnum þarf einnig að taka mið af landfræðilegri legu byggðarlagsins. Þarna er átt við fjarlægð til næstu stærri þjónustukjarna, einkum þeirra þar sem í boði er flest sú þjónusta sem almenningur þarfnast. Ákveðið var að notast í meginatriðum við skilgreiningu Byggðastofnunar á *landsblutakjörnum*, sem „eiga það sameiginlegt að byggja atvinnu sína öðru fremur á verslun og þjónustu og eru verslunar- og þjónustukjarnar og miðstöðvar stjórnsýslu, hver á sínu landsvæði“ (Byggðastofnun, 2001, 11). Samkvæmt skýrslu Byggðastofnunar teljast Akranes, Borgarnes, Ísafjörður, Sauðárkrókur, Akureyri, Húsavík, Egilsstaðir, Selfoss og Reykjanesbær til slíkra kjarna. Vestmannaeyjar, sem eru eitt byggðarlagið í úttektinni, getur vegna fjölda íbúa tvímælalaust talist til þessa hóps, þótt ekki hafi bærinn neinu upplandi að þjóna.

Til að skoða þetta voru fjarlægðir frá hverju byggðarlagi (eða landfræðilegri miðju þess, á að giska) til næsta stærri þjónustukjarna fundnar á vef Vegagerðarinnar og aksturstími reiknaður út frá þeim. Var einfaldlega miðað við hámarkshraða á bundnu slítlagi annars vegar (90 km/klst) og malarvegi hins vegar (80 km/klst), en að sjálfsögðu er þetta talsverð einföldun. Fyrir byggðarlögin á sunnanverðum Vestfjörðum og á Ströndum var miðað við Borgarnes en ekki Ísafjörð. Ófært er milli Ísafjarðar og suður-fjarðanna mestallan veturinn og af Ströndum er lítil sem engin sókn eftir þjónustu á Ísafjörð. Loks var skráð fjarlægð og aksturstími til Reykjavíkur, en þangað sækja flestir landsmenn þjónustu af og til, og jafnvel oft. Þetta á við um ýmsa framhaldsmenntun, sérfræðiþjónustu lækna og annarra, og ýmsa sérverslun. Fyrir sum byggðarlögin, þar á meðal þau á sunnanverðum Vestfjörðum, skipta flugsamgöngur miklu máli, en ákveðið var til einföldunar að horfa eingöngu á vegasamgöngur.

Útbúið var einfalt form til að nota við skráninguna, þar sem öll þessi atriði komu fram. Hver hinna 18 nemenda í námskeiðinu fékk úthlutað tilteknu byggðarlagi/byggðarlögum og hófst handa við að afla gagna. Skoðaðar voru vefsíður sveitarfélaga og annarra aðila og hringt í sveitarstjórnarfólk, starfsfólk atvinnuþróunarfélaga eða aðra staðkunnuga til að fullgera myndina. Auk þess að fylla út formið skrifaði viðkomandi nemandi stutta greinargerð þar sem bent var á helstu atriði önnur sem horfa þyrfti til, t.d. í tengslum við samgöngur innan sveitarfélagsins. Í heild gekk gagnaöflun greiðlega fyrir sig. Stundum varð að treysta á persónulegt mat viðmælenda, t.d. um það hvert sú þjónusta væri sótt sem ekki fengist á staðnum, en reynt var eftir megni að fá sem heillegasta og óbjagaðasta heildarmynd.

Að þessu loknu var farið vandlega yfir gögnin og leyst úr vafaatriðum ef einhver voru. Gögnin voru færð inn í eina stóra töflu í töflureikni. Reiknuð voru saman heildarstig þjónustu fyrir hvert byggðarlag, sem og fyrir hvern hinna fjögurra flokka. Ákveðið var að sleppa *hljómplötuverslun* úr listanum yfir tegundir verslunar, þar eð álitid var að slík verslun hefði að talsverðu leyti flust á netið. Atriðin *háskóli* og *sérskóli*, sem voru á upphaflega listanum, voru einnig felld niður. Eiginlegur háskóli er ekki í neinu þeirra byggðarlaga sem skoðuð voru, en víða stundar fólk háskólanám í fjarnámi. Aðstaða til fjarnáms var meðal atriða á listanum. Hugtakið sérskóli var nokkuð á reiki og virtist ekki hafa neina þýðingu. Atriðin *kaffihús*, *krá* og *matsölustaður* voru sameinuð og látin gefa eitt stig ef eitthvert væri fyrir hendi, enda náskyld og oft vafamál hvernig flokka skyldi. *Gallerí* var einnig felld út, vegna þess að oftast reyndist um að ræða þjónustu við ferðamenn þar sem slíkt var nefnt. *Leikfélag* var tekið út, vegna þess að slík félagsstarfsemi áhugafólks – svo mikilvæg sem hún vissulega er víða – er oft mjög sveiflukennd og finnur sér jafnvel annan farveg heldur en leikstarfsemi.

Á hinn bóginn var einnig ákveðið að gefa tilteknum atriðum meira vægi en öðrum við útreikninga. Til að mynda virðist ekki líklegt að tilvist húsgagnaverslunar skipti jafn miklum sköpum frá sjónarhóli íbúa og að á staðnum sé rekin alhliða matvöruverslun. Allmargar tegundir þjónustu voru því látnar gefa fleiri stig en eitt, væru þær til staðar (tafla 2). Heildarfjöldi stiga fyrir allar tegundir þjónustu, að teknu tilliti til vægis, gat mest orðið 100. Með öðrum orðum, hefði einhver staður boðið allar tegundir þjónustu sem á listanum voru hefði hann fengið 100 stig. Vel hefði mátt hugsa sér að afla upplýsinga um mikilvægi hinna ýmsu tegunda þjónustu með könnun meðal íbúanna sjálfra, en vegna þess að verkefninu voru tíma- og fjárhagslegar skordur settar var látið nægja að byggja á álitu nemendanna sem þátt tóku og rökræðum þeirra (og kennara). Vægistölurnar eru því huglægar og líklegt að aðrir hefðu ákvarðað þær öðruvísi, að einhverju leyti að minnsta kosti. Dæmi um þetta er þjónusta við fatlaða. Fyrir einstakling með fötlun eða foreldra barns með fötlun má gera ráð fyrir að slík þjónusta sé algert grundvallarskilyrði fyrir búsetu á staðnum og ætti því að hafa meira vægi. En aðrir þurfa ekki á slíkri þjónustu að halda. Því var ekki sett sérstök vægistala á hana. Þannig mætti áfram telja.


Þessu næst voru gögnin tekin til tölfræðilegrar greiningar. Tölfræðihugbúnaðurinn SPSS var notaður til þess. Ýmis punktarit voru gerð og aðhvarfslínur teiknaðar að punktadreifinni ásamt 95% öryggisbili. Reiknaður var fylgnistuðull (Pearson's  $r$ ), gerð full línuleg aðhvarfsgreining og skýringarhlutfall aðhvarfsins ( $r^2$ ) fundið, sem og marktækt aðhvarfsins eða höfnunarlíkur ( $p$ ). Þessar reiknistærðir eru birtar í töflu 4 hér að aftan. Til nánari glöggvunar má segja að skýringarhlutfallið  $r^2$  standi fyrir það hlutfall breytileikans í íbúaþróun sem „skýrist“ af breytileika frumbreytunnar hverju sinni og höfnunarlíkurnar  $p$  má túlka sem líkur á því að það væru mistök að hafna tilgátu um ekkert samband milli viðkomandi breyta (núlltilgátu). Varðandi tölfræðilegar forsendur skal bent á almenn tölfræðirit (sjá t.d. Moore & McCabe 2006). Geta má þess að leitað var álits sérfræðings við Tölfræðimiðstöð Háskóla Íslands um endanlega gerð gagnagrunnsins og aðferðir við greininguna.

Tafla 2: Tegundir þjónustu, vægi þeirra og skipting í greiningarflokka

Þjónusta	Vægi	Þjónusta	Vægi
<b>Verslun (24 stig)</b>		<b>Ræktun líkama og sálar (10 stig)</b>	
Matvöruverslun, almenn	6	Veitingahús	1
Lágverðsverslun	3	Snyrtistofa	1
Byggingavöruverslun	2	Líkamsræktarstöð	1
Apótek	2	Sundlaug	1
Sjoppa	1	Hárgreiðslustofa	1
Bensínstöð	3	Nuddstofa	1
Bakarí	1	Myndbandaleiga	1
Bókabúð	1	Bíó	1
Fataverslun	1	Íþrótt- og æskulýðsfélag	1
Vínúð	1	Félagsheimili	1
Raftækjaverslun	1		
Húsgagnaverslun	1	<b>Önnur þjónusta (26 stig)</b>	
		Háhraðanettenging	1
<b>Menntun (18 stig)</b>		Móttaka útvarps/sjónvarps	1
Dagmæður	2	Pósthús	1
Leikskóli	4	Banki	1
Grunnskóli	5	Bílaverkstæði	1
Framhaldsskóli	3	Dekkjaverkstæði/smurstöð	1
Tónlistarskóli	1	Rafvirki	1
Bókasafn	1	Trésmiður	1
Ökukennari	1	Múrari	1
Fjarnámsaðstaða	1	Málari	1
		Pípulagningamaður	1
<b>Heilbrigðisþjónusta (22 stig)</b>		Fatahreinsun	1
Þjónusta við aldraða	2	Dýralæknir	1
Dvalarheimili aldraðra	2	Lögfræðingur	1
Þjónusta við fatlaða	1	Endurskoðandi	1
Læknir	4	Prestur	1
Hjúkrunarfræðingur	2	Sýsluskrifstofa	1
Ljósmóðir	1	Lögregla	1
Heilsugæslustöð	4	Slökkvistöð	1
Sjúkrahús	2		
Tannlæknir	2		
Sjúkraþjálfun	1		
Sjúkraflutningar	1		
		<b>Samtals 100 stig</b>	

Athygli vekur að þjónusta eykst mjög ört með vaxandi stærð (mynd 4). Flest byggðarlög sem telja a.m.k. 500 íbúa bjóða í raun talsvert fjölbreytta þjónustu. Þegar komið er yfir 2000 íbúa finnast nánast allar tegundir verslunar og þjónustu sem skoðuð voru. Stærstu byggðarlögin tvö í úrtakinu, Húsavík og Vestmannaeyjar, eru öflugir þjónustukjarnar sem bjóða fjölbreytta verslun og nánast fullt úrval opinberrar þjónustu og einkaþjónustu.

Á mynd 4 og þeim sem á eftir koma eru punktarnir númeraðir til að auðvelda tenginguna við einstök byggðarlög. Númerin má sjá í töflu 3. Í henni er sveitarfélögum og þéttbýlisstöðum raðað eftir landfræðilegri röð þeirra réttisælis umhverfis landið.



Mynd 4: Samband íbúafjölda og þjónustustigs. Miðað er við íbúafjölda í lok árs 2006 en þjónustukönnun var gerð snemma árs 2007.

Þau byggðarlög sem fæst stig fengu eru einmitt sveitahreppar þar sem íbúarnir sækja mestalla þjónustu til nærliggjandi þéttbýlis. Nefna má Tjörneshrepp sem dæmi, en innan marka sveitarfélagsins sjálfs er enginn þjónustukjarni. Þar njóta íbúar hins vegar nálægðar við Húsavík og verða því að teljast mjög vel settir hvað aðgengi að þjónustu varðar. Helsta undantekningin er Árneshreppur, sem telur einungis 50 íbúa og liggur langt frá þéttbýlisstöðum með fjölbreyttari þjónustu.

Tafla 3: Númer byggðarlaganna

Nr.	Sveitarfélag/byggðarlag	Nr.	Sveitarfélag/byggðarlag
1	Dalabyggð	14	Þingeyjarsveit
2	Reykhólahreppur	15	Aðaldælahreppur
3	Patreksfjörður (Vesturbyggð)	16	Húsavík (Norðurþing)
4	Tálknafjarðarhreppur	17	Tjörneshreppur
5	Bíldudalur (Vesturbyggð)	18	Kópasker (Norðurþing)
6	Árneshreppur	19	Raufarhöfn (Norðurþing)
7	Kaldrananeshreppur	20	Svalbarðshreppur
8	Strandabyggð	21	Þórshöfn (Langanesbyggð)
9	Blönduósbær	22	Bakkafjörður (Langanesbyggð)
10	Húnavatnshreppur	23	Breiðdalshreppur
11	Höfðahreppur	24	Djúpavogshreppur
12	Síglufjörður (Fjallabyggð)	25	Skaftárhreppur
13	Ólafsfjörður (Fjallabyggð)	26	Vestmannaeyjar

Með tilliti til þessa var ákveðið að færa þjónustueinkunn nokkurra sveitahreppa til samræmis við næsta þéttbýliskjarna. Þetta var gert fyrir Húnavatnshrepp (þjónusta sótt til Blönduóss), Aðaldælahrepp (Húsavík), Tjörneshrepp (Húsavík) og Svalbarðshrepp (Þórshöfn). Aftur og enn er þetta ábending um að formlæg umdæmamörk hafa ekki endilega mikla merkingu við rannsóknir á búsetuskilyrðum, sem og um þá erfiðleika sem framsetning hagtalna hérlandis eftir umdæmum skapar fyrir slíkar rannsóknir.



### 3 Samband þjónustustigs, legu og íbúafróunar

Þá er komið að því að leita svara við spurningunni um hvort samhengi sé milli þjónustustigs og íbúafróunar. Þetta var gert með línulegri aðhvarfsgreiningu. Gert var punktarit og aðhvarfslína felld að gögnunum, ásamt 95% öryggismörkum. Tilheyrandi fylgni- og aðhvarfsreikningar voru gerðir. Í töflu 4 má sjá fylgnistuðla ( $r$ ), skýringarhlutföll ( $r^2$ ) og marktækt ( $p$ ) fyrir allar aðhvarfsgreiningarnar.

Tafla 4: Fylgnistuðlar, skýringarhlutfall og marktækt aðhvarfsgreininga

	Breytingar á íbúafjölda					
	1996–2006			2001–2006*		
	$r$	$r^2$	$p$	$r$	$r^2$	$p$
Heildarþjónustustig	0,62	0,38	,001	0,74	0,55	,000
Verslun	0,56	0,31	,003	0,71	0,50	,000
Menntun	0,55	0,31	,003	0,57	0,32	,003
Heilbrigðisþjónusta	0,62	0,38	,001	0,71	0,51	,000
Ræktun líkama og sálar	0,51	0,26	,008	0,61	0,37	,001
Önnur þjónusta	0,57	0,32	,003	0,74	0,55	,000
Aksturstími til næsta stærri kjarna	0,43	0,19	,027	0,59	0,35	,002
Aksturstími til Reykjavíkur	0,11	0,01	,603	0,22	0,05	,298



\* Þórshöfn sleppt úr greiningunum – sjá nánari skýringar hér að aftan.

Hér á eftir er farið í gegnum aðhvarfsgreiningarnar í sömu röð og í töflu 4. Fyrir hvert atriði greiningarinnar er sett fram mynd af aðhvarfinu, bæði fyrir allt tímabilið 1996–2006 og fyrir síðari hluta þess, eða 2001–2006. Loks er fjallað sérstaklega um áhrif legu og samgangna á sama hátt.

Lóðrétti ásinn á meðfylgjandi myndum er breytingar á íbúafjölda. Því meiri sem fækkunin er á staðnum, því neikvæðari er talan. Rétt er því að benda á að *jákvætt* aðhvarf á myndunum (lína sem hækkar til hægri) er í samræmi við upphaflega vinnutilgátu, um að lágt þjónustustig leiði til meiri fækkunar íbúa en ella.

Skýlt er að áréttu að túlkun þessara greininga krefst varkárni, ekki síst vegna þess ágalla gagnasafnsins að þjónustustig var mælt eftir á en ekki við upphaf greiningartímabilsins. Gera má ráð fyrir að þjónustustig staðanna hafi tekið einhverjum og jafnvel talsverðum breytingum á svo löngu tímabili.

Sé litið til alls tímabilsins 1996–2006 kemur strax í ljós talsverð fylgni á milli þjónustustigs og íbúafróunar (mynd 5a). Fyrir síðari hluta tímabilsins kemur fram enn sterkari fylgni. Við þessu má búast, þar eð betra samræmi er væntanlega á milli hins melda þjónustustigs árið 2007 og stöðu þjónustunnar við upphaf greiningartímans.



Mynd 5: Samband þjónustustigs og íbúáþróunar, (a) 1996–2006, (b) 2001–2006.


Á mynd 5 er hægt að greina nokkra „einfara“, þ.e. punkta sem liggja langt utan aðhvarfs-línunnar. Þeir tákna byggðarlög sem eru augljóslega í annarri stöðu en þorri hinna og

krefjast sérstakrar skoðunar. Á mynd 5a stendur Raufarhöfn (19) stök. Fækkun þar var mun meiri á tímabilinu heldur en hið almenna samband segir fyrir um og hafa augljóslega verið aðrir kraftar fremur að verki en skortur á þjónustu. Nágrannabyggðarlagið Kópasker (18) hefur einnig þurft að sæta tiltölulega mikilli fækkun. Loks má benda á Árneshrepp (6), þar sem fækkun var hlutfallslega mest, en minna ber á að byggðarlagið er mjög fámennt og því geta hlutfallstölur orðið afar háar.



Á hinn bóginn kemur Tálknafjörður fram á myndunum sem byggðarlag í tiltölulega sterkri stöðu. Fremur takmörkuð þjónusta þar (einkum á sviði verslunar og „annarrar þjónustu“) kemur ekki fram að fullu í fólksfækkun. Svalbarðshreppur (20) og Þórshöfn (21) eru einnig langt ofan aðhvarfslínunnar. Fyrir Svalbarðshrepp var notuð þjónustueinkunn Þórshafnar, eins og áður hefur verið gerð grein fyrir.

Á mynd 5b sker einn staður sig nokkuð úr fyrir hlutfallslega mikla fækkun, þ.e. Bakkafjörður (22). Þar fækkaði mjög mikið á stuttum tíma undir lok tímabilsins. Vegna smæðar byggðarlagsins kemur þetta út sem veruleg hlutfallsleg fækkun.



Annar staður veldur hins vegar dálitlum vanda fyrir greininguna á mynd 4b, þar sem þar reyndist vera fjölgun á umræddu tímabili en ekki fækkun. Þetta er Þórshöfn (21). Þéttbýlið á Þórshöfn, eitt og sér, fellur því alls ekki vel að þeim forsendum sem lágu að baki vali Bygðastofnunar á svæðum til skoðunar, (að minnsta kosti 6,5% fækkun íbúa 2001–2006), þótt það sameinaða sveitarfélag sem Þórshöfn tilheyrir nú (Langanesbyggð) sýni skýr merki um viðvarandi fólksfækkun þegar það er skoðað sem heild. Á mynd 6 er sama samband skoðað og á mynd 5b, en nú án Þórshafnar. Fylgnin hækkar verulega við þetta. Í fylgniútreikningum og aðhvarfsgreiningum í framhaldinu, fyrir árabilið 2001–2006, er Þórshöfn því undanskilin.





Mynd 6: Samband þjónustustigs og íbúapróunar 2001–2006. Þórshöfn undanskilin.





Mynd 7: Samband verslunar og íbúaprómar, (a) 1996–2006, (b) 2001–2006.





Mynd 8: Samband menntunar og íbúapróunar , (a) 1996–2006, (b) 2001–2006.



Mynd 9: Samband heilbrigðisþjónustu og íbúafróunar, (a) 1996–2006, (b) 2001–2006.



Mynd 10: Samband „ræktunar líkama og sálar“ (afþreyingar, menningar og persónulegrar þjónustu) og íbúafjölda, (a) 1996–2006, (b) 2001–2006.



Mynd 11: Samband annarrar þjónustu og íbúapróunar, (a) 1996–2006, (b) 2001–2006.



Í myndum 5 til 11 kemur fram í öllum tilfellum fram mjög marktæk fylgni (sbr. einnig töflu 4). Eins og vænta má kemur skýrara samband í öllum tilfellum fram þegar seinni hluti tímabilsins er skoðaður. Heilbrigðisþjónusta og „önnur þjónusta“ sýna mestu fylgnina við íbúáþróun. Fremur lítill munur er samt á styrk aðhvarfsins fyrir hina ýmsu þætti þjónustu og tæplega svo mikill að það gefi tilefni til mikilla ályktana um að einn þáttur þjónustu sé mikilvægari en annar.

Fyrir tímabilið allt (1996–2006) er aðhvarfið veikast fyrir þann flokk sem nefndur var „ræktun líkama og sálar“ og tekur til ýmiss konar afþreyingar, menningar- og íþróttastarfsemi og persónulegrar þjónustu. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að nokkur áhersla hefur verið lögð á menningarmál í byggðaumræðu á undanförunum árum, ekki síst í kjölfar skýrslunnar *Búseta á Íslandi* árið 1997, sem áður er nefnd (Stefán Ólafsson 1997).

Fyrir seinni hluta tímabilsins eingöngu (2001–2006) er fylgnistuðullinn fyrir menntun lægstur. Þetta vekur nokkra undrun, þar eð skólamál hafa oft komið við sögu í byggðaumræðunni. Hugsanlega má skýra þetta með því að hér er um nokkurn veginn staðlaða þjónustu hins opinbera að ræða. Á mynd 7a sést að langflest byggðarlögin eru á svipuðu róli hvað varðar framboð á menntun. Eitt sveitarfélag – Árneshreppur – sker sig mjög úr, en þar er einungis grunnskóli fram í 9. bekk. Enginn leikskóli eða aðrar skólstofnanir eru í þessu fámenna og afskekktu sveitarfélagi og þurfa nemendur 10. bekkjar grunnskóla meira að segja að yfirgefa hreppinn til að ljúka skyldunámi. Þegar einnig er litið til þess að sveiflur í íbúáþróun eru miklar vegna fámennis byggðarlagsins er ljóst að takmarkaðar ályktanir er unnt að draga af frekar lágrí fylgni.



Að þessu loknu er rétt að skoða sérstaklega áhrif fjarlægðar/aksturstíma frá stærri kjörnum sem bjóða fjölbreyttari þjónustu. Eins og reifað var í upphafi má hugsa sér að áhrif lítils þjónustuframboðs í byggðarlaginu sjálfu séu minni en ella ef íbúar eiga þess kost að sækja þjónustu til stærri kjarna, sem hefur fjölbættari samsetningu efnahagslífs og stendur undir rekstri eftirspurnardrífinnar starfsemi í verslun og þjónustu sem hefur hærra þröskuldsgildi.

Landshlutakjarnarnir svokölluðu, sem er fjallað var um í 2. kafla skýrslunnar, uppfylla þessi skilyrði að miklu leyti. Í slíkum stærri þéttbýliskjörnum er að finna „fulla þjónustu“, eða flestallar tegundir þjónustu sem upplýsingum var safnað um í þessu verkefni og jafnvel mun fleiri, eftir stærð staðarins. Húsavík og Vestmannaeyjar eru kjarnar af þessu tagi, en bæði byggðarlögin eru í úrtakinu. Íbúar flestra hinna byggðarlaganna þurfa að aka frá hálfum og upp í tvo og hálfan tíma til að komast í næsta landshlutakjarna, sá fjarlægasti tæpa 4 tíma. Nokkur neikvæð fylgni er milli aksturstíma og íbúáþróunar (mynd 12). Þetta er í samræmi við tilgátuna sem sett var fram. Sambandið er ekki ýkja sterkt, en þó marktækt tölfræðilega (sbr. töflu 4). Hér má minna á að Borgarnes var notað sem næsti stærri þjónustukjarni við öll byggðarlög á Vesturlandi og Vestfjörðum sem voru með í könnuninni, þrátt fyrir að sum ættu styttra að sækja til Ísafjarðar. Þetta þýðir hins vegar ekki að íbúar þessara svæða sækja þjónustu að marki til Borgarness. Í nýlegri rannsókn (Bjarni Reynarsson, 2006) kemur fram að Akureyri, Árborg og Ísafjörður séu sterkar miðstöðvar fyrir viðkomandi landshluta, Egilsstaðir einnig, en Borgarnes síður. Þetta getur stuðlað að minni fylgni en ella.



Annað er uppi á teningnum þegar aksturstími<sup>1</sup> til Reykjavíkur – helsta þjónustukjarna landsins alls – er settur sem frumbreyta í aðhvarfið. Þá kemur ekkert marktækt samband fram (mynd 13 og tafla 4). Þetta skýrist af því að öll byggðarlögin sem tekin voru til skoðunar eru utan seilingar við höfuðborgarsvæðið. Ferdatíðni landsbyggðarfólks til Reykjavíkur minnkar hratt með aukinni fjarlægð frá borginni og virðast skilin vera í 100–150 km fjarlægð (Bjarni Reynarsson, 2006).

---

<sup>1</sup> Í tilfelli Vestmannaeyja er reiknað með þriggja tíma siglingu auk aksturs frá Þorlákshöfn til Reykjavíkur.



Mynd 12: Samband akstur tíma til næsta stærri kjarna („landsblutakjarna“) og íbúapróunar, (a) 1996–2006, (b) 2001–2006.



Mynd 13: Samband aksturstíma til Reykjavíkur og íbúapróunar, (a) 1996–2006, (b) 2001–2006.

## 4 Þjónusta í hinum völdu sveitarfélögum

Í þessum kafla skýrslunnar verður farin hringferð um landið og sagt í stuttu máli frá niðurstöðum könnunarinnar fyrir hvert sveitarfélag um sig. Byggt er á greinargerðum nemendanna sem unnu könnunina, eins og áður hefur verið gerð grein fyrir. Sagt er frá helstu flokkum þjónustu og gerð grein fyrir sókn þjónustu til annarra staða, ásamt samgöngum. Einfalt staðsetningarkort fylgir, ásamt upplýsingum um helstu vegalengdir.

### *Dalabyggð*

Sveitarfélagið Dalabyggð varð til við sameiningu sex hreppa 1994 og bættist sá sjöundi við 1998. Íbúar voru 682 í árslok 2006, þar af 238 í þéttbýliskjarnanum í Búðardal. Þar er leikskóli, tónlistarskóli, grunnskóli með öllum bekkjum og símenntunarstöð. Þar er heilsugæslustöð, apótek, þjónusta fyrir aldraða, væntanlegt framboð á sjúkraþjálfun og dýralæknar. Í Búðardal er slökkvistöð, en lögregluembættið var lagt niður í byrjun árs og fært undir lögregluna í Borgarnesi. Í sveitarfélaginu er sundlaug, banki, pósthús og háhraðanettenging. Áfengisverslun er opin í klukkutíma á dag, virka daga. Í matvöruversluninni er myndbandaleiga og þar er einnig hægt að kaupa léttar veitingar og bensín. Önnur bensínstöð er á staðnum sem einnig selur léttar veitingar. Framboð á verslun með fatnað, raftæki og heimilisvörur er af skornum skammti. Sú þjónusta sem ekki fæst í sveitarfélaginu er yfirleitt sótt til Borgarness og Reykjavíkur, en einnig leita íbúar til Akraness og Akureyrar. Lítil flugbraut er nálægt Búðardal, en ekkert áætlunarflug.



Búðardalur	
Borgarnes	80 km
Akranes	117 km
Reykjavík	153 km
Akureyri	281 km

### *Reykhólahreppur*

Íbúar Reykhólahrepps voru 251 í lok árs 2006 og þar af búa 119 í eina þéttbýliskjarna sveitarfélagsins, Reykhólum. Þörungaverksmiðjan á Reykhólum er mjög mikilvægur þáttur í atvinnulífi, en einnig eru tvö sumarhótel og gistiheimili rekin í sveitarfélaginu. Í Króksfjarðarnesi er lítil verslun. Sú þjónusta sem fæst ekki í sveitarfélaginu er helst sótt til Búðardals. Það er t.d. lækniþjónusta, dýralæknir og bifreiðaþjónusta. Lágverðsverslun er sótt til Borgarness. Sýslumaður Barðstrendinga kemur til Reykhóla einu sinni í mánuði frá Patreksfirði. Vegalengdir innan Reykhólahrepps eru miklar og vegir fremur slæmir, einkum í vesturhlutanum. Lítil flugvöllur er í sveitarfélaginu en ekkert áætlunarflug. Sjósamgöngur eru við eyjarnar á Breiðafirði, sem tilheyra sveitarfélaginu. Búið er í Flatey og Skáleyjum.



Reykhólar	
Króksfjarðarnes	31 km
Búðardalur	75 km
Patreksfjörður	200 km
Borgarnes	155 km
Reykjavík	228 km

### Vesturbyggð

Íbúar í Vesturbyggð eru 831 og þar af búa 638 manns á Patreksfirði. Í hreppnum eru leikskólar, grunnskóli með öllum bekkjum og aðstaða til fjarnáms. Þar er sjúkrahús og heilsugæsla, hjúkrunarfræðingar og læknar, þjónusta við aldraða og fatlaða, apótek, tannlæknir og sjúkraþjálf. Einnig er þar dagvöruverslun, sundlaug, vínbúð og sjoppa, útibú tveggja banka og pósthús. Háhraðanettenging er til staðar og móttaka útvarps og sjónvarps er ágæt. Lögregla hefur aðsetur á Patreksfirði. Sú þjónusta sem ekki er í sveitarfélaginu er sótt til Ísafjarðar þegar fært er þangað, en einnig til Stykkishólms og Reykjavíkur. Þar sem iðulega er ófært til Ísafjarðar yfir vetrarmánuðina er sótt til Stykkishólms eða Reykjavíkur, en þá er ferjan Baldur tekin frá Brjánslæk. Ferjusiglingin tekur þrjá klukkutíma. Þegar komið er til Stykkishólms eru 165 km til Reykjavíkur. Áætlunarflug er til Bíldudals.



Patreksfjörður	
Tálknafjörður	18 km
Bíldudalur	30 km
Ísafjörður	173 km
Brjánslækur	56 km
Stykkishólmur	56 km + 3 klst sigling
Borgarnes	327 km
Reykjavík	401 km
Bíldudalur	
Tálknafjörður	19 km
Patreksfjörður	30 km
Ísafjörður	145 km
Brjánslækur	51 km
Stykkishólmur	51 km + 3 klst sigling
Borgarnes	311 km
Reykjavík	384 km

### Tálknafjarðarhreppur

Íbúar Tálknafjarðarhrepps voru 292 í lok árs 2006. Á Tálknafirði er leikskóli, tónlistarskóli og grunnskóli með öllum bekkjum, bókasafn, íþróttahús, líkamsræktarstöð og sundlaug. Þar er einnig banki, pósthjónusta, bensínstöð þar sem hægt er að kaupa veitingar og helstu matvörur. Á Tálknafirði er þjónusta við aldraða, heilsugæsla, sem er opin einn dag í viku og koma þá hjúkrunarfræðingur og læknir frá Patreksfirði. Heilbrigðisþjónusta er annars mest sótt til Patreksfjarðar. Móttaka útvarps og sjónvarps er góð og háhraðanettenging er í bænum. Sú þjónusta sem ekki fæst í hreppnum er mest sótt til Patreksfjarðar. Lögreglan kemur reglulega frá Patreksfirði. Sú þjónusta sem ekki fæst á Patreksfirði eða Bíldudal er sótt til Reykjavíkur. Tálknfirðingar sækja litla sem enga þjónustu til Ísafjarðar, en á veturna er oftast ófært þangað.



Tálknafjörður	
Patreksfjörður	18 km
Bíldudalur	19 km
Brjánslækur	71 km
Ísafjörður	162 km
Stykkishólmur	71 km + 3 klst sigling
Borgarnes	327 km
Reykjavík	403 km

### **Árneshreppur**

Í lok árs 2006 voru íbúar Árneshrepps 49 talsins. Lítil þjónustukjarni er í Norðurfirði, en þar er m.a. skrifstofa sveitarfélagsins, bensínstöð, fiskverkun, höfn og matvöruverslun sem selur helstu nauðsynjavörur. Í grunnskóla sveitarfélagsins eru allir bekkir nema 10. bekkur, og verið er að koma upp fjarnámsaðstöðu. Skilyrði fyrir móttöku útvarps og sjónvarps eru til staðar á flestum svæðum í sveitarfélaginu en eru misgóð. Einnig er þar pósthjónusta, banki og sundlaug. Þjónusta sem ekki fæst í sveitarfélaginu er yfirleitt sótt til Hólmavíkur, t.d. læknir og prestur, eða til Reykjavíkur. Flogið er frá Gjögri til Reykjavíkur tvisvar sinnum í viku allt árið. Engar skipulagðar sjósamgöngur eru á svæðinu, en yfir hásumarið fer bátur með ferðamenn á Hornstrandir. Flutningabíll kemur einu sinni í viku, frá júní til október, en vegurinn lokast yfir veturinn.



Norðurfjörður	
Gjögur	16 km
Hólmavík	106 km
Ísafjörður	307 km
Borganes um Tröllatunguheiði	265 km
Borganes um Holtavörðuheiði	304 km
Reykjavík um Tröllatunguheiði	341 km
Reykjavík um Holtavörðuheiði	378 km

### **Kaldrananeshreppur**

Íbúar í Kaldrananeshreppi voru 112 í lok árs 2006. Þar er leikskóli, grunnskóli og fjarnámsaðstaða en vegna fámennis voru 9. og 10. bekkir ekki kenndir veturinn 2006–2007. Eini þjónustukjarninn er í Drangsnesi. Þar er dagvöruverslun og í henni er einnig rekin póstafréiðsla. Bensínstöð er á svæðinu, en enginn banki. Sveitarfélagið heldur úti heimilishjálpi fyrir aldraða. Tvær sundlaugar eru í hreppnum. Slökkvistöð er á Drangsnesi. Hluti þéttbýliskjarnans hefur hægvirkt örbylgjusamband en þar fyrir utan er ISDN. Í Drangsnesi næst stafrænt sjónvarp, en sums staðar í sveitunum eru skilyrði fyrir móttöku útvarps og sjónvarps mjög slæm eða jafnvel engin. Þjónusta sem ekki fæst á staðnum er að mestu leyti sótt til Hólmavíkur eða Reykjavíkur. Sjúkrabíll kemur frá Hólmavík og þar er einnig læknir og prestur. Um reglulegar flugsamgöngur er ekki að ræða og engar skipulagðar sjósamgöngur. Ef ófært er í langan tíma er gert ráð fyrir samgöngum sjóleiðis.



Drangsnæs	
Hólmavík	34 km
Ísafjörður	235 km
Borganes um Tröllatunguheiði	193 km
Borganes um Holtavörðuheiði	232 km
Reykjavík um Tröllatunguheiði	266 km
Reykjavík um Holtavörðuheiði	306 km

### **Strandabyggð**

Strandabyggð er sameinað sveitarfélag Broddaneshrepps og Hólmavíkurrepps og voru íbúar 507 í lok árs 2006, þar af 385 í Hólmavík. Þar er dagvöruverslun sem einnig selur byggingavörur, sjoppa, tvær bensínstöðvar, veitingastaður, krá og áfengisverslun. Í Hólmavík er leikskóli, grunnskóli frá 1.–10. bekk, en í honum er bókasafn, tónlistarkennsla og verið er að setja upp fjarnámsaðstöðu. Einnig er grunnskóli á Broddanesi. Á Hólmavík er heilsugæsla, hjúkrunarfræðingur, læknir, tannlæknir, lyfsala, þjónusta við aldrada og fatlaða og félagslega heimaþjónusta. Þar er einnig íþróttahús með líkamsrækt og sundlaug, háhraðanettenging, pósthús, tvö bankaútibú og góð móttaka útvarps og sjónvarps. Á Hólmavík er sýsluskrifstofa, lögregla og slökkvilið. Sú þjónusta sem fæst ekki í sveitarfélaginu er helst sótt til Reykjavíkur. Yfir sumarmánuðina er leiðin yfir Tröllatunguheiði gjarnan ekin þegar farið er suður, en verið er að leggja nýjan heilsársveg um Arnkötludal, samsíða þeirri leið, sem kemur til með að stytta vegalengdir suður á bóginn fyrir íbúa allra sveitarfélaganna á Ströndum sem hér er fjallað um – Árneshrepps, Kaldrananeshrepps og Strandabyggðar.



	Hólmavík
Ísafjörður	224 km
Borgarnes um Tröllatunguheiði	161 km
Borgarnes um Holtavörðuheiði	200 km
Reykjavík um Tröllatunguheiði	235 km
Reykjavík um Holtavörðuheiði	274 km

### **Blönduóssbær**

Blönduóssbær varð til við sameiningu Blönduóssbæjar og Engihlíðarhrepps árið 2001. Í sveitarfélaginu voru 892 manns búsettir í árslok 2006, þar af 824 í þéttbýlinu á Blönduósi. Þar er leikskóli sem býður upp á dagvistun barna frá sex mánaða aldri og grunnskóli frá 1. til 10. bekkis. Einnig er boðið upp á aðstöðu til fjarnáms í húsakynnum grunnskólans. Skóli fyrir nýbúa er rekinn á ákveðnum tímabilum. Á Blönduósi er dagvöruverslun, byggingavöruverslun og veitingaþjónusta. Sú þjónusta sem ekki fæst á staðnum er mest sótt á þrjá aðra staði. Til Sauðárkróks er sótt ýmis sérvöruverslun, framhaldsskóli og tannlæknisþjónusta. Auk þess þjónar fæðingardeildin á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki íbúum Blönduóssbæjar. Til Akureyrar sækir fólk í menningu og afþreyingu, fjölbreytta verslun, framhaldsskóla og háskóla. Þar er einnig ýmis sérfræðiþjónusta á heilbrigðissviðinu. Töluverð þjónusta er sótt til Reykjavíkur, m.a. menntun á framhalds- og háskólastiginu, sérfræðiþjónusta lækna, tannréttingar og verslun.




	Blönduós
Sauðárkrókur (um Þverárfjall)	47 km
Sauðárkrókur (um Vatnsskarð)	77 km
Akureyri	145 km
Borgarnes	170 km
Reykjavík	244 km



### **Húnavatnshreppur**


Húnavatnshreppur varð til við sameiningu Bólstaðarhlíðarhrepps, Sveinsstaðahrepps, Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps árið 2004, en árið 2006 bættist Áshreppur við. Í sveitarfélaginu búa 465 manns í dreifðri byggð. Á Húnavöllum er leikskóli og grunnskóli, en þar er bókasafn, sundlaug og íþróttasalur, en þar er einnig boðið upp á fjarnám gegnum háhraðanettengingu. Misjöfn gæði eru á sendingum sjónvarps. Engin verslun er í hreppnum, utan sjoppu sem er rekin á sumrin í tengslum við ferðapjónustu. Flest verslun og þjónusta er sótt til Blönduóss, t.d. dagvöruverslun, heilsugæsla, dýralæknir, þjónusta aldraðra og prestur, en þar eru einnig margir iðnaðarmenn. Þjónustu sem ekki fæst í hreppnum eða á Blönduósi sækja íbúar Húnavatnshrepps yfirleitt á sömu staði íbúar Blönduóssbæjar og er vísað á umfjöllun um það sveitarfélag.



Húnavellir	
Blönduós	18 km
Sauðárkrókur (um Þverárfjall)	65 km
Sauðárkrókur (um Vatnsskarð)	75 km
Akureyri	143 km
Borgarnes	166 km
Reykjavík	239 km

### **Höfðahreppur**

Íbúar í Höfðahreppi voru 545 í árslok 2006, allir búsettir í þéttbýliskjarnanum Skagaströnd. Þar er leikskóli, grunnskóli með öllum bekkjum, háhraðanettenging, sundlaug og fjölbreytt íþróttaaðstaða. Á Skagaströnd er heilsugæslustöð, dvalarheimili aldraðra, hjúkrunarfræðingur og læknir með tímabundna viðveru. Tannlæknir og sjúkrahjálfar koma af og til. Þar er einnig dagvöruverslun, sjoppa, tvö bankaútibú og veitingastaður. Slökkvistöð og pósthús er á staðnum, en næsta sýsluskrifstofa og lögregla er á Blönduósi. Þá verslun og þjónustu sem er ekki er að finna á Skagaströnd sækir fólk að sögn viðmælenda gjarnan til Reykjavíkur, þrátt fyrir að mun styttra sé til Blönduóss og Sauðárkróks. Engar flugsamgöngur eru við byggðarlagið, en næsti áætluð flugvöllur er á Sauðárkróki.




Skagaströnd	
Blönduós	23 km
Sauðárkrókur (um Þverárfjall)	52 km
Akureyri (um Vatnsskarð)	164 km
Borgarnes	193 km
Reykjavík	266 km



### **Fjallabyggð**


Fjallabyggð varð til 11. júní 2006 við sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar, en forsenda þess var gerð Héðinsfjarðarganga, sem nú stendur yfir. Íbúar í Fjallabyggð voru 2280 í lok árs 2006, þar af 1357 í Siglufirði og 923 á Ólafsfirði. Bæði á Ólafsfirði og Siglufirði eru leikskóli, tónlistarskóli og grunnskóli með alla bekki, sem og heilsugæsla og apótek, læknir, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir. Matvöruverslun, banki, pósthús og háhraðanettenging er á báðum stöðum, og einnig lögregla og slökkvistöð. Móttaka sjónvarps og útvarps er góð. Sú þjónusta sem fæst ekki á staðnum er mest sótt til Akureyrar, en einnig til Reykjavíkur. Stysta leiðin á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar er yfir Lágheiði, en hún er lokuð að jafnaði sjö mánuði á ári vegna snjóa Þá þarf að fara yfir Öxnadalsheiði, en sú leið er til muna lengri. Með tilkomu Héðinsfjarðarganga verður vegalengdin milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar einungis rúmlega 10 km.



Siglufjörður	
Ólafsfjörður (um Lágheiði)	62 km
Sauðárkrúkur	95 km
Akureyri (um Lágheiði)	123 km
Akureyri (um Öxnadalsheiði)	192 km
Borgarnes	312 km
Reykjavík	386 km
Ólafsfjörður	
Siglufjörður (um Lágheiði)	62 km
Dalvík	17 km
Akureyri	61 km
Borgarnes (um Lágheiði)	324 km
Borgarnes (um Öxnadalsheiði)	356 km
Reykjavík (um Lágheiði)	398 km
Reykjavík (um Öxnadalsheiði)	430 km

### **Þingeyjarsveit**

Þingeyjarsveit varð til með sameiningu Hálsahrepps, Ljósavatnshrepps, Bárðdælahrepps og Reykdælahrepps árið 2002. Í lok árs 2006 voru íbúar 699. Eini þéttbýliskjarninn er Laugar en þar búa um 100 manns. Þar er m.a. skrifstofa sveitarfélagsins, banki og framhaldsskóli. Verslun er ekki mikil, en þó eru nokkrar litlar verslanir með helstu nauðsynjavörur. Í sveitarfélaginu eru fjórir grunnskólar, framhaldsskóli og tónlistarskóli. Á Laugum er heilsugæsla, með takmörkuðum opnunartíma og þjónustu fyrir aldraða og fatlaða. Þá verslun og þjónustu sem ekki er að finna í sveitinni sækir fólk mest á tvo staði. Þeir sem búa í austurhlutanum sækja þjónustu til Húsavíkur, en íbúar vesturhlutans sækja þjónustu að mestu leyti til Akureyrar. Lögregla og skrifstofa sýslumanns er staðsett á Húsavík. Næsti áætlunarflugvöllur er á Akureyri. Birtar eru vegalengdir miðað við Fnjóskárbrú (vesturhluta sveitarfélagsins) og Laugar (austurhlutann).



Fnjóskárbrú	
Laugar	32 km
Húsavík	59 km
Akureyri	32 km
Reykjavík	421 km
Laugar	
Húsavík	39 km
Akureyri	64 km
Reykjavík	453 km

### **Aðaldælahreppur**


Í Aðaldælahreppi voru skráðir 257 íbúar árið 2006. Í hreppnum er grunnskóli og dvalarheimili aldraðra, í samvinnu við þrjú önnur sveitarfélög: Þingeyjarsveit, Tjörneshrepp og Norðurþing. Sú þjónusta sem ekki er til staðar í hreppnum er að mestu leyti sótt til Húsavíkur og einnig dálítið á Laugar í Reykjadal. Nemendur í framhaldsskóla sækja einkum til Lauga, Húsavíkur og Akureyrar. Verslun er sótt til nærliggjandi þéttbýliskjarna, Húsavík en einhver á Laugar og Akureyri. Heilbrigðisþjónusta er að mestu leyti sótt til Húsavíkur og fjarnámsaðstaða er á Þekkingarsetri Þingeyinga á Húsavík. Vegalengdir miðast við skólann að Hafnalæk.



Hafnalækur	
Húsavík	19 km
Laugar	21 km
Akureyri	72 km
Reykjavík	461 km

### **Norðurþing**

Árið 2006 sameinuðust sveitarfélögin Húsavíkurbær, Kelduneshreppur, Raufarhafnarhreppur og Öxarfjarðarhreppur. Íbúar sveitarfélagsins voru 3011 í lok árs 2006. Húsavík (2285 íbúar) er stærsti þjónustukjarninn í sveitarfélaginu, en þar á eftir Raufarhöfn (235 íbúar) og Kópasker (122 íbúar). Á Húsavík er lágverðsverslun, dagvöruverslun, sjoppa, bakarí, bóka- og fataverslun. Þar er leikskóli, tónlistarskóli, grunnskóli frá 1.–10. bekk og framhaldsskóli. Þar er einnig sjúkrahús, heilsugæslustöð, hjúkrunarfræðingur, læknir, þjónusta við aldraða, tannlæknir, sjúkraþjálfari og dýralæknir. Á Húsavík er sýsluskrifstofa, lögregla, slökkvilið, sundlaug, almenn íþróttaðstaða og golfvöllur. Á Raufarhöfn er dagvöruverslun, en þar og á Kópaskeri er verslun og þjónusta almennt lítil og með takmörkuðum opnunartíma. Heilbrigðisþjónusta á Raufarhöfn og Kópaskeri heyrir undir Heilbrigðisstofnun Þingeyinga á Húsavík. Sú þjónusta sem ekki er til staðar í sveitarfélaginu er helst sótt til Akureyrar, en einnig til Reykjavíkur.



Húsavík	
Akureyri	91 km
Reykjavík	480 km
Kópasker	
Húsavík	97 km
Akureyri	188 km
Reykjavík	577 km
Raufarhöfn	
Kópasker	55 km
Þórshöfn	62 km
Húsavík (um Öxarfjarðarheiði)	140 km
Húsavík (fyrir Sléttu)	151 km
Akureyri (um Öxarfjarðarheiði)	231 km
Akureyri (fyrir Sléttu)	242 km
Reykjavík (um Öxarfjarðarheiði)	620 km
Reykjavík (fyrir Sléttu)	631 km

### ***Tjörneshreppur***

Íbúar Tjörneshrepps voru 60 í lok árs 2006 og sækja þeir nánast alla verslun og þjónustu til nálægra sveitarfélaga. Grunnskóli er sóttur í Hafralækjaskóla í Aðaldal. Flest þjónusta er sótt til Húsavíkur, enda einungis fáeinir kílómetrar þangað. Sú þjónusta sem ekki fæst á Húsavík er sótt til Akureyrar eða Reykjavíkur. Engir fjallvegir hamla ferð um svæðið og nýbúið er að leggja bundið slitlag um allt Tjörnes. Fjarlægðartölur eru miðaðar við Hallbjarnarstaði, sem eru í miðri sveitinni.



Hallbjarnarstaðir	
Húsavík	14 km
Akureyri	106 km
Reykjavík	494 km

### ***Svalbarðshreppur***


Í Svalbarðshreppi voru íbúar 116 í lok árs 2006, allt í dreifbýli. Næstu þjónustukjarnar eru Þórshöfn, Raufarhöfn og Húsavík. Í hreppnum er grunnskóli, en elstu börnin sækja skóla til Þórshafnar. Íbúum hreppsins gefst kostur á háhraðanettengingu, en ekki hafa þó allir bæir þann möguleika. Auk grunnskóla sækja íbúar hreppsins heilsugæslu, dýralækni, lögreglu, slökkvistöð, pósthús, banka og bensínstöð, til Þórshafnar. Verslun er mikið sótt til Húsavíkur og þar er einnig sýsluskrifstofan. Yfir veturinn lokast Öxarfjarðarheiði oft vegna ófærðar og lengist þá leiðin frá Þórshöfn til Húsavíkur, Akureyrar og Reykjavíkur um 68 km. Á döfinni er nýr vegur yfir Melrakkaslétu, sem tengja mun svæðið betur saman. Fjarlægðartölur miðast við Svalbarð, þar sem félagsheimili sveitarinnar er.



Svalbarð	
Þórshöfn	23 km
Raufarhöfn	39 km
Húsavík (um Öxarfjarðarheiði)	121 km
Húsavík (fyrir Sléttu)	190 km
Akureyri (um Öxarfjarðarheiði)	212 km
Akureyri (fyrir Sléttu)	281 km
Reykjavík (um Öxarfjarðarheiði)	601 km
Reykjavík (fyrir Sléttu)	670 km

### Langanesbyggð

Langanesbyggð varð til við sameiningu Þórshafnarhrepps og Skeggjastaðahrepps árið 2006 og voru íbúar 518 í árslok 2006. Byggðakjarnar eru Þórshöfn (391 íbúar) og Bakkafjörður (80 íbúar). Grunnskólar eru á Bakkafirði og Þórshöfn en þar er einnig fjarnámsaðstaða. Á Þórshöfn eru allir bekkir kenndir, en 1.–7. bekkur á Bakkafirði. Eftir það sækja börnin skólann á Þórshöfn. Dagvöruverslun, bensínstöð, tveir veitingastaðir og kaffihús er á Þórshöfn. Þar er einnig heilsugæsla, dvalarheimili aldraðra, hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir og læknir með tímabundna viðkomu. Á Þórshöfn er nýtt íþróttahús, sundlaug og líkamsræktarstöð. Þar er einnig lögregla, slökkvilið, pósthús og banki. Á Bakkafirði er dagvöruverslun með blönduðum vörum. Heilsugæslan er með tímabundna opnun en annars fara íbúar til Vopnafjarðar. Aðstaða er fyrir tannlækni sem hefur tímabundna viðveru á staðnum. Háhraðanettenging er bæði á Þórshöfn og Bakkafirði og skilyrði til móttöku sjónvarps- og útvarpssendinga eru góð. Sú verslun og þjónusta sem ekki er til staðar í sveitarfélaginu er yfirleitt sótt til Akureyrar, Egilsstaða eða Húsavíkur. Einnhver þjónusta er sótt til Vopnafjarðar. Þjónusta dýralækna er annað hvort sótt til Húsavíkur eða Vopnafjarðar. Bakkfirðingar sækja frekar þjónustu til Vopnafjarðar en Þórshafnar. Eftir sameiningu sveitarfélagana hafa Bakkfirðingar þó í auknum mæli sótt þjónustu til Þórshafnar. Daglegt flug er til Þórshafnar frá Reykjavík með millilendingu á Akureyri, en einnig eru rútuferðir milli Þórshafnar og Akureyrar.



Þórshöfn	
Bakkafjörður	45 km
Húsavík (um Öxarfjarðarheiði)	144 km
Húsavík (fyrir Sléttu)	212 km
Akureyri (um Öxarfjarðarheiði)	235 km
Akureyri (fyrir Sléttu)	303 km
Reykjavík (um Öxarfjarðarheiði)	624 km
Reykjavík (fyrir Sléttu)	692 km
Bakkafjörður	
Þórshöfn	45 km
Vopnafjörður	35 km
Egilsstaðir (um Hellisheiði)	128 km
Egilsstaðir (um Vopnafjarðarheiði)	170 km
Húsavík (um Öxarfjarðarheiði)	187 km
Húsavík (um Vopnafjarðarheiði)	226 km
Akureyri	270 km
Reykjavík	659 km

### **Breiðdalshreppur**

Íbúar Breiðdalshrepps voru um 244 í árslok 2006, þar af bjuggu 169 á Breiðdalsvík. Í hreppnum eru 33 býli og er heilsársbúseta á 27 þeirra. Á Breiðdalsvík er leikskóli, tónlistarskóli og grunnskóli með öllum bekkjum. Einnig er fjarnámsaðstaða á staðnum. Læknir og hjúkrunarfræðingur hafa aðstöðu í bænum en hafa tímabundna viðveru. Boðið er upp á þjónustu fyrir aldraða og í bænum er háhraðanettenging, en hún nær skammt út fyrir bæjarmörkin. Dagvöruverslun, sjoppa og veitingastaður er á staðnum. Á Breiðdalsvík er einnig sundlaug, líkamsræktaraðstaða og félagsheimili. Sú þjónusta sem ekki er í boði hefur að mestu leyti verið sótt til Egilsstaða. Framboð á þjónustu á Reyðarfirði er að aukast og sækja Breiðdælingar hana þangað í auknum mæli, sérstaklega yfir vetrartímam. Fáskrúðsfjarðargöng hafa bætt samgöngur til Egilsstaða og Reyðarfjarðar en með tilkomu þeirra styttist leiðin milli Breiðdalsvíkur og Reyðarfjarðar um 34 km. Færð þar á milli er góð allt árið. Vegurinn um Breiðdalsheiði er fremur brattur og oft ófær á veturna. Nálægasti áætlunarflugvöllur er á Egilsstöðum. Sjúkrahús er á Neskaupstað.



Breiðdalsvík	
Egilsstaðir (yfir Breiðdalsheiði)	83 km
Egilsstaðir (um firði)	92 km
Reyðarfjörður	63 km
Reykjavík	615 km

### **Djúpavogshreppur**

Íbúar Djúpavogshrepps voru 463 í árslok 2006, þar af 367 í þéttbýliskjarna sveitarfélagsins, Djúpavogi. Þar er dvalarheimili aldraðra, nýleg sundlaug, íþróttahús og líkamsræktarstöð. Matvöruverslun, fataverslun og sjoppa er á staðnum og vínbúð er opin klukkutíma á dag. Á Djúpavogi er háhraðanettenging en hún nær ekki út fyrir bæinn. Einnig er þar sýsluskrifstofa, lögregla og slökkvilið. Þá verslun og þjónusta sem ekki fæst í hreppnum sækja íbúar helst til Egilsstaða, m.a. lágverðsverslun og framhaldsskóla. Heilsugæsla, dýralæknir og apótek eru samrekin með Breiðdalshreppi. Þeirri þjónustu er sinnt á báðum stöðum, en þó með takmarkaðan opnunartíma. Frá Djúpavogi til Egilsstaða er hægt að fara þrjár leiðir, yfir Öxi, yfir Breiðdalsheiði og um Firðina. Á eftir Egilsstöðum er mest þjónusta sótt til Reykjavíkur.




Djúpivogur	
Egilsstaðir (yfir Öxi)	85 km
Egilsstaðir (yfir Breiðdalsheiði)	146 km
Egilsstaðir (um firði)	156 km
Reyðarfjörður (um firði)	127 km
Höfn	100 km
Reykjavík	553 km

### ***Skaftárhreppur***


Í Skaftárhreppi voru íbúar 487 í lok árs 2006, þar af 135 í þéttbýliskjarnanum Kirkjubæjarklaustri. Þar er dagvöruverslun, hótél, kaffihús, bensínstöð og sjoppa, og enn fremur vínbúð með takmarkaðan opnunartíma. Á Kirkjubæjarklaustri er leikskóli, grunnskóli með öllum bekkjum og íþróttahús. Þar er einnig heilsugæslustöð, þjónusta við aldraða, hjúkrunarfræðingur, læknir og dýralæknir. Á staðnum er lögregla, slökkvistöð, háhraðanettenging, pósthús og banki. Sú þjónusta sem ekki fæst er mest sótt til Víkur og Selfoss, en einnig er ýmis verslun og þjónusta sótt til Reykjavíkur.

### ***Vestmannaeyjar***

Í Vestmannaeyjum búa um 4100 íbúar. Þar er dagmæðraþjónusta, leikskólar, tónlistarskóli, grunnskólar, framhaldsskóli, bókasöfn, sérskóli og fjarkennsla á háskólastigi. Í Vestmannaeyjum eru dagvöruverslanir, lágverðsverslun, sundlaug, vínbúð og flest önnur verslun. Þar er sjúkrahús og heilsugæsla, læknar, hjúkrunarfræðingar, ljósmóðir, þjónusta við aldraða og fatlaða, tannlæknir og sjúkraþjálfari. Þar er einnig sýsluskrifstofa, lögregla og slökkvilið, háhraðanettenging, banki og móttaka útvarps og sjónvarps er góð. Sjúkraflug er allt árið frá Vestmannaeyjum. Dýralæknir kemur einu sinni í viku til Eyja frá Selfossi. Samgöngur til og frá Eyjum eru annað hvort með flugi eða með Herjólfli til Þorlákshafnar, en hann fer tvær ferðir á dag, allt árið um kring og tekur 500 farþega og 60 bíla. Flug til Reykjavíkur tekur um 25 mínútur, en misjafnt er hversu oft er flogið eftir árstíma.



Kirkjubæjarklaustur	
Vík	73 km
Selfoss	196 km
Reykjavík	253 km



Vestmannaeyjar	
Reykjavík	3 klst sigling + 51 km akstur)

## 5 Niðurstöður

Spurningin sem lagt var upp með í upphafi þessa verkefnis var einföld: *Hefur framboð á þjónustu hafi áhrif á ákvarðanir fólks um búsetu?* Reynt var að svara þessari spurningu með einfaldri könnun á framboði þjónustu í völdum byggðarlögum, sem öll hafa glímt við viðvarandi fólksfækkun, og tölfræðilegri athugun á sambandi þessa við íbúáþróun þeirra á árabílinu 1996–2006.

Unnt virðist að svara spurningunni afdráttarlaust játandi: Þjónustustig *hefur* áhrif á búsetu. Marktæk jákvæð fylgni kom fram í öllum tilfellum milli þjónustustigs og íbúáþróunar í þeim byggðarlögum sem tekin voru til greiningar. Því hærra sem þjónustustigið er í viðkomandi byggðarlagi, því minni hlutfallsleg fækkun íbúa reyndist hafa orðið í byggðarlaginu á tímabilinu. Fylgnin var enn sterkari þegar síðari hluti tímabilsins var skoðaður sérstaklega.

Samgöngubætur á undanförunum árum hafa aukið möguleika á þjónustusókn til stærri kjarna. Enn liggja samt mörg smærri byggðarlög það fjarri stærri kjörnum að þjónusta í heimabyggð hefur mun meiri áhrif á mat íbúanna á búsetuskilyrðum. Í aðhvarfsgreiningunum kemur fram að samband aksturstíma til næsta stærri kjarna við íbúáþróun er talsvert veikara en samband þjónustustigs á staðnum og íbúáþróunar.

Til að kanna frekar samspil þessara þriggja breyta var að lokum reiknuð *hlutfylgni* (e. partial correlation) þjónustustigs á staðnum annars vegar og aksturstíma til næsta stærri þjónustukjarna hins vegar við íbúáþróun, miðað við að áhrif þriðju breytunnar væru útilokuð, eða breytunni með öðrum orðum „haldið fastri“ (sjá t.d. Johnston, 1978, varðandi forsendur þessarar aðferðafræði). Útreikningarnir staðfesta þá niðurstöðu að þjónustustig í heimabyggð sé mun mikilvægara fyrir íbúáþróun (tafla 5). Hlutfylgnin er er marktæk milli þjónustustigs og íbúáþróunar þegar áhrif aksturstíma eru útilokuð. Hins vegar er engin fylgni á milli aksturstíma og íbúáþróunar þegar áhrif þjónustustigs á staðnum eru útilokuð, eða með öðrum orðum ekki gert ráð fyrir því að þjónustustig sé mishátt í byggðarlögum. Fjarlægðin er ekki sjálfstæður orsakavaldur, heldur einungis í samhengi við breytilegt þjónustustig á staðnum.

Tafla 5: Niðurstöður útreikninga á hlutfylgni

Samband	Föst breyta	Tímabil greiningar			
		1996–2006		2001–2006*	
		<i>r</i>	<i>p</i>	<i>r</i>	<i>p</i>
Þjónustustig ↔ íbúáþróun	Aksturstími	0,49	,013	0,57	,004
Aksturstími ↔ íbúáþróun	Þjónustustig	–0,01	,953	–0,17	,429

\* Þórshöfn sleppt úr greiningunum – sjá nánari skýringar í fyrri kafla.

Síðast en ekki síst ber að leggja áherslu á að þjónustustig og/eða fjarlægð til næsta stærri þjónustukjarna segja einungis hluta sögunnar um gengi staða hvað íbúafjölda varðar. Fjölmargar aðrar breytur eiga hlut að máli. Atvinnustig og samsetning vinnumarkaðar eru augljós atriði. Einhæfni atvinnulífs og sveiflur í rekstri fyrirtækja, eins og löngum hafa fylgt sjávarbyggðum, hafa mikil áhrif (eins og sést á stöðu ákveðinna byggðarlaga í myndunum) og að öllum líkindum vaxandi eftir því sem tímar líða. Kynslóðaskipti eru að verða – eða hafa þegar orðið. Væntingar yngra fólks um framtíð sína samrýmast ekki vel einhæfu og sveiflukenndu atvinnulífi. Launastig á hinum staðbundna



vinnumarkaði getur einnig haft áhrif, sem og framboð og verð á húsnæði. Loks er rétt að nefna umhverfi og veðurfar. Allt þetta hefur tvímælalaust áhrif á ákvarðanir einstaklinga og fjölskyldna um búsetu, en var ekki skoðað sérstaklega í þessu verkefni.

Loks ber að nefna mikilvæga breytu: *Tímann*. Þau orsakasambönd sem myndinni er ætlað að draga fram þurfa ákveðinn tíma til að segja til sín. Skortur á þjónustu verður ekki orsök brottflutnings nema eftir ákveðinn tíma. Auk þess tíma sem einstaklingurinn og/eða fjölskyldan þarf til að meta stöðu sína, þá breytast hugmyndir íbúa almennt um hvað feli í sér gott og merkingarbært líf smátt og smátt. Með því breytist mat á búsetuskilyrðum – kostum og göllum byggðarlagsins. Sá ágalli verkefnisins að þjónustustig skuli hafa verið metið eftir á en ekki við upphaf greiningartímabilsins setur túlkun niðurstaðna talsverðar skorður.

\* \* \*

Eins og sjá má af köflunum fremst í skýrslunni og umræðunni hér að ofan eru allmörg álitamál og spurningar varðandi aðferðafræði verkefnisins og skal ekki reynt að slá striki yfir það. Hvað sem því líður er sannarlega unnt að líta á þetta sem áhugaverða tilraun. Sem líður í námi þjónaði verkefnið vel tilgangi sínum. Það jók þekkingu og skilning nemenda á fjölbreyttum aðstæðum hinna ýmsu byggðarlaga – og fékk þá til að hugsa um aðferðafræðileg vandamál við afmörkun og skilgreiningar. Aftur og enn skal bent á að verkefnið í heild er ábending um að formleg umdæmamörk hafa ekki endilega mikla merkingu við rannsóknir á búsetuskilyrðum. Framsetning hagtalna héraendis eftir stjórnsýsluumdæmum skapar verulega erfiðleika fyrir slíkar rannsóknir. Brýnt er að finna lausn á þessu ef skapa á byggðarannsóknnum héraendis traustari grunn. Á því er svo sannarlega þörf.

Benda má á ýmsar leiðir til að taka verkefnið lengra. Þessar skulu nefndar:

- Gagnagrunnurinn sem liggur fyrir að verkefninu loknu gefur góða mynd af stöðu þjónustu árið 2007 í þeim byggðarlögum sem verkefnið tók til. Forvitnilegt væri og einfalt í framkvæmd að endurtaka greininguna að nokkrum árum liðnum, með því að nota þjónustustig ársins 2007.
- Ákvarðanir um vægi einstakra þjónustupátta voru ekki byggðar á rannsóknnum, heldur tilfinningu. Æskilegt væri að undirbyggja þær með úrtakskönnun meðal almennra íbúa, þar sem spurt væri um mikilvægi þess að hin eða þessi þjónusta sé til staðar.
- Hér var einungis fjallað um *magn* en ekki *gæði* þjónustu. Ef mat væri lagt á gæði þjónustu í hverju byggðarlagi, t.d. með umfangsmeiri úrtakskönnun, mætti leggja mun fyllra mat á samband þjónustu og búferlaflutninga.
- Í raun er allt eins forvitnilegt að kanna samband þjónustustigs og íbúaþróunar fyrir byggðir sem *ekki* hafa þurft að „glíma við viðvarandi fólksfækkun“ að sama marki og þær sem valdar voru til skoðunar í þessu verkefni, jafnvel byggðir þar sem fjölgun hefur orðið. Gera þyrfti samræmda könnun á þjónustustigi yfir allt landið, miðað við vel skilgreindar landfræðilegar einingar eða „þjónustusóknir“ (sbr. kirkjusóknir), en ekki endilega sveitarfélög.
- Við afmörkun slíkra þjónustusókna væri æskilegt að byggja á upplýsingum um hvert íbúar sækja daglega þjónustu í raun, sem fengnar væru með vandaðri úrtakskönnun.



## ***Heimildaskrá***

- Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson (2002). *Byggðir og búseta: Þéttbýlismyndun á Íslandi*. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Bjarni Reynarsson (2006). *Ferðir til Reykjavíkur frá 16 landsbyggðasvæðum*. Reykjavík: Landráð sf.
- Byggðastofnun (2001). *Byggðarlög í sókn og vörn – Svæðisbundin greining á styrk, veikleika, ógnunum og tækifærum byggðarlaga á Íslandi – 2. Landshlutakjarnar*.
- Byggðastofnun (2003). *Breyttar áherslur í byggðamálum: Tillaga að stefnumótandi byggðaáætlun*. Reykjavík: Byggðastofnun.
- Johnston, R.J. (1978). *Multivariate Statistical Analysis in Geography*. London: Longman.
- Lloyd, P.E. og Dicken, P. (1977): *Location in Space: A Theoretical Approach to Economic Geography* (2. útg.). London: Harper & Row.
- Moore, D.S. og McCabe, G.P. (2006). *Introduction to the Practice of Statistics* (5th ed.). New York: W.H. Freeman and Company.
- Stefán Ólafsson (1997). *Búseta á Íslandi: Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*. Reykjavík: Byggðastofnun.
- Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 nr. 1496/2006.  
<http://www.althingi.is/alttext/132/s/pdf/1496.pdf>